



## Félagslíf nemenda

Nemendur hafa ekki setið auðum höndum í sínu félagslífi frekar en fyrri daginn. Auk nýnemaferðar og nýnemaballs hefur nemendafélagið staðið fyrir golfmóti og gefið út tvö blöð, slúðurritið Kvasi og skólablaðið Viljann. Kvasir á vart erindi út fyrir hússins dyr en fyrsta tölublað Viljans lofar mjög góðu og vert að benda foreldrum á að skoða blaðið því það speglar prýðilega þá menningu sem nemendur lifa og hrærast í.

Að vanda iðar skólinn af lífi í öllum frímínútum. Hér hafa verið sýndir tveir skemmtiþættir, 12:00 og Rjóminn, sem nemendur leggja mikla vinnu og metnað í. Þessir þættir eru gríðarlega vinsælir hjá ungu fólki langt út fyrir veggi skólans. Þeir hafa jafnframt verið uppspretta heitra umræðna um hversu langt megi ganga þegar fyndni er annars vegar og hvar mörk siðgæðis liggja. Það verður að segjast eins og er að nokkuð djúp gjá myndast gjarnan milli nemenda og kennara þegar þessir þættir eru annars vegar. Þættina má nálgast á Youtube.

Þessa viku kynnti Nemendamótsnefnd það verk sem þau ætla að setja upp í tengslum við Nemendamótsdaginn í febrúar. Í ár verður unnið út frá kvikmyndinni Með allt á hreinu. Næstu daga verða prufur fyrir þá sem hafa áhuga á að taka þátt í uppsetningunni. Prufurnar sem fara fram eftir skóla þykja bæði skemmtilegar og lærdómsríkar. Ef þið verðið vör við áhuga á ykkar heimili, hvetjið endilega til þátttöku.

Í næstu viku mun málfundafélagið kynna sitt starf og endar vikan á árlegri keppni milli VÍ og MR, svokölluðum VÍ-mr degi (kallast reyndar MR-ví dagurinn við Lækjargötuna). Endanleg dagskrá hefur ekki litið dagsins ljós en fastlega má gera ráð fyrir að hún taki litlum breytingum frá því í fyrra, sjá [hér](#).

## Alþjóðasamstarf

Skólinn hefur lengi talið nemendum hollt að vikka sjóndeildarhringinn og kynnast menningu og lífsskilyrðum jafnaldra sinna í öðrum löndum. Skólinn tekur þátt í fjölda alþjóðlegra samstarfsverkefna á hverju ári sem setja svip sinn á skólastarfið á hverjum tíma. Nú þegar höfum við fengið fjölmenna hópa frá Spáni og Danmörku í heimsókn og verða þessar heimsóknir endurgoldnar í september og október. Samstarfsverkefni um kynjajafnrétti og jafnrétti samkynhneigðra og minnihluta-hópa var að hluta unnið hér með þátttöku níu landa. Verkefninu verður haldið áfram á Spáni í nóvember.

Auk þeirra verkefna sem hér hafa verið upp talin eru framundan samvinnuverkefni sem nemendur og kennarar vinna í samstarfi við skóla í Bandaríkjunum og Frakklandi. Öll þessi verkefni fela í sér að nemendur hýsa erlenda gesti sína og búa síðan á heimilum þeirra þegar verkefnið flyst utan.

Að lokum er vert að geta þess að Nordplus verkefni okkar með menntaskóla í Falun í Svíþjóð var nýlega valið eitt af bestu Nordplus verkefnum síðasta árs. Eftir áramót verður farið í annað samstarfsverkefni með sama skóla.

## Aðalfundur Foreldrafélagsins

Aðalfundur Foreldrafélags Verzlunarskóla Íslands verður haldinn 3. okt. kl. 20:00 í Bláa sal. Dagskrá fundarins er áhugaverð og má nálgast [hér](#). Við hvetjum alla til að mæta, fræðast og hitta aðra foreldra. Rétt er að minna á Fésbókarsíðu foreldrafélagsins en inni á henni má finna gagnlegar og áhuga-verðar upplýsingar fyrir foreldra.



Flokkum og skilum!



## Geðrækt

Þema [Heilsuefandi framhaldsskóla](#) í ár er geðrækt. Ýmsir smærri og stærra viðburðir munu tengjast geðrækt og mikilvægi þess að vera við góða geðheilsu. Það er því vel við hæfi að enda þetta bréf á geðorðunum 10.

1. Hugsaðu jákvætt, það er léttara
2. Hlúðu að því sem þér þykir vænt um
3. Haltu áfram að læra svo lengi sem þú lifir
4. Lærðu af mistökum þínum
5. Hreyfðu þig daglega, það léttir lundina
6. Flæktu ekki líf þitt að óþörfu
7. Reyndu að skilja og hvetja aðra í kringum þig
8. Gefstu ekki upp, velgengi í lífinu er langhlaup
9. Finndu og ræktaðu hæfileika þína
10. Setttu þér markmið og láttu drauma þína rætast

